

trygg-ja *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– ertu búin að tryggja þig?

‡

mæl-a *so. vb.-i – heyra*
[-di]

– ég þarf að mæla gluggann

‡ • mælir, afmæli

skort-a *so. vb.-i – heyra*
[-i]

– hann skortir ekki hugmyndaflug

‡

svífa *so. sb.-1 – grípa*
[sveif, svifum, svifið]

– blaðran sveif upp í loftið

‡

sundlaug *kvk. – nál*
[-ar, -ar]

– á Íslandi eru margar sundlaugar

‡ • synda, sund

geisl-i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– geislar sólarinnar eru sterkir

‡

hill-a *kvk. – stofa*
[-u, -ur]

– hann raðar bókunum á hilluna

‡

heimt-a *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– hún heimtaði að fá að koma með

‡

hrygg-ur *kk. – dalur J*
[-jar, -ir]

– það er hryggur í matinn á
sunnudaginn

‡ hryggr

aðil-i *kk. – tími*
[-a, -ar]

– þú verður að tala við réttan aðila

‡

skyld-a *kvk. – stofa*
[-u, -ur]

– það er skylda mín að vara ykkur við

‡

storm-ur *kk. – hestur*
[-s, -ar]

– spáð er stormi á Vestfjörðum

‡ stormr

slys *hk. – hús*
[-s, -]

– hann lenti í slysi á skíðum

‡

sólskin *hk. – hús*
[-s, -]

– það er sólskin

‡ • sól, skína; sólarhringur

hríð *kvk. – nál*
[-ar, -ar]

– það er stormur og hríð úti

‡

sala *kvk. – stofa Ö*
[sölu, sölur]

– það er mikil sala á bókum fyrir jólin

‡